

Fangelsið Kvíabryggja

350 Grundarfirði ☎ 438-6827 Fax: 438-6992



Fangelsismálastofnun ríkisins

Fangelsið Kvíabryggja er staðsett skammt frá Grundarfirði.

Þar má vista 22 fanga af báðum kynjum óháð aldri.

Fangelsið er skilgreint sem opið fangelsi. Það felur í sér að fangar sem vistast þar njóta ákveðins frelsis umfram þá sem vistast í lokuðu fangelsi. Þeir taka jafnframt á sig ábyrgð í samræmi við það. Þá eru þeir í mun nánari tengslum við samfélagið og því reynist auðveldara að vinna að endurhæfingu þeirra.

Til að eiga möguleika á vistun á Kvíabryggju verður fangi að gangast undir ákveðin skilyrði, s.s. að halda sig innan fangelsissvæðisins nema annað sé sérstaklega heimilað og vinna eftir ákveðinni dagskrá. Þá má hann ekki vera háður vanabindandi lyfjum. Öllum er skylt að stunda vinnu eða nám og áhersla er lögð á að efla lífsleikni. Því sjái fangar að mestu um sig sjálfir, elda mat, sinna þrifum og taka virkan þátt í allri starfsemi fangelsisins. Í upphafi vistunar undirritar fangi samning og skuldbindur sig til að starfa í samræmi við þessi skilyrði sem og almennar reglur fangelsisins. Rjúfi fangi samninginn má hann eiga von á því að verða fluttur í annað fangelsi.

Við val á föngum til vistunar í fangelsinu er m.a. horft til eftirfarandi atriða:

- ◆ Að fangi afpláni að jafnaði ekki lengur en 2 ár á staðnum.
- ◆ Að fangi sé að undirbúa sig undir að refsivist ljúki.
- ◆ Að fangi sé ekki háður vanabindandi lyfjum.
- ◆ Að fangi sé fær um að afplána við lágmarks gæslu, stundi vinnu eða nám og sé reiðubúinn til að taka virkan þátt í starfsemi fangelsisins.



Meðferð og endurhæfing.

Markmið Fangelsismálastofnunar er að hvetja fanga til að takast á við vandamál sín og draga þannig úr líkum á endurkomu í fangelsi. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að í fangelsinu sé:

- ◆ Næg vinna og vinnuþjálfun.
- ◆ Möguleiki á fjarnámi í samvinnu við viðurkennda skóla.
- ◆ Aðstaða til að fangi geti eldað, þrifið, þvegið þvotta, sinnt tómstundum og tekið þátt í öðru endurhæfingarstarfi.



Þá er markmiðið að stuðla að andlegri og líkamlegri uppbyggingu fanga með því að þeir stundi íþróttir og útivist, svo sem að fara ásamt fangavörðum reglulega í gönguferðir, hjólreiðatúra og fjallgöngur.


Starfsmenn fangelsisins.

- ◆ Forstöðumaður; Ber ábyrgð á daglegum rekstri fangelsisins.
- ◆ Varðstjóri og aðstoðarvarðstjóri; Hafa umsjón með starfsemi í fangelsinu.
- ◆ Umsjónarmaður í eldhúsi; Sér um að þjálfa fanga í matreiðslu og til annarra heimilisverka.
- ◆ Fimm fangaverðir; Skipta á milli sín dag-, kvöld- og næturvöktum.

Starfsmenn eru þjálfaðir til að vinna með fögnum og hafa sérþekkingu á endurhæfingarsviði.

Þjónusta sem er í boði.

- ◆ Heilbrigðisþjónusta er veitt af Heilsugæslustöðinni í Grundarfirði.
- ◆ Sálfræðingar halda reglulega hópnaðmskeið og veita hópmeðferð svo sem í reiðistjórnun og atferlismeðferð auk þess að veita fögnum einstaklingsbundna þjónustu.
- ◆ Félagsráðgjöf.
- ◆ Fjarnám í samvinnu við viðurkennda skóla.



Stefna og markmið Fangelsismálastofnunar.

- ◆ Að afplánun fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi almennings sé tryggt og tilætluð varnaðaráhrif fangelsisvistar séu virt.
- ◆ Að dregið sé úr líkum á endurkomu fanga í fangelsi vegna nýrra afbrota.
- ◆ Að föngum sé tryggð örugg og vel skipulögð afplánun.
- ◆ Að mannleg og virðingarverð samskipti séu höfð í heiðri.
- ◆ Að skapaðar séu aðstæður og umhverfi sem hvetja fanga til að takast á við vandamál sín.

Til að ná fram þessum markmiðum er sett fram einstaklingsmiðuð áætlun um framvindu afplánunarferils fanga í upphafi refsivistar. Áætlun þessi felur í sér þætti eins og áhættumat, meðferðarþörf, mat á getu til náms og/eða vinnu, sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Eftir þessari áætlun er síðan unnið með viðkomandi fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og áætlunin endurskoðuð reglulega. Þegar kemur að lokum afplánunar viðkomandi er stuðlað að því, í samvinnu við fangann, að hann eigi fastan samastað, sé í góðum tengslum við fjölskyldu og/eða vini, kunni að leita sér aðstoðar og náí að fóta sig í samfélaginu.

